



lífrikið

Jóhannes Sturlaugsson, Laxfiskum

# Þingvallaurriðinn hér og nú

Áhugamenn um stangaveiði hafa ekki farið varhluta af þeim fréttum er berast frá Þingvöllum, að urriðanum hefur farið fjölgandi og ef að marka má allar veiðisögurnar nú í vor og byrjun sumars, þá hefur urriðaveiðin aldrei verið líflegri og æ stærri fiskar hafa verið að veiðast. Hefur m.a. frést af tveim sem voru annars vegar 30 pund og veiddur í net og hins vegar riflega 29 pund og veiddur á stöng. Í framhaldi af þessum veiðifréttum hefur árleg umræða náð nánast hámaeli þar sem menn skiptast í hópa um það hvernig umgangast beri þennan áður næstum aldauða stofn sem nú er í svo örum vexti. Friða hann alfarið, smella a' skyldusleppingu eða leyfa dráp á urriða? Þolir hin vaxandi stofn að drepið sé úr honum? Fullt af spurningum vakna og við lögðum allar þær sem okkur datt í hug fyrir Jóhannes Sturlaugsson ljá Laxfiskum, en hann hefur staðið fyrir margþættum rannsóknum á Þingvallaurriðanum í fjölda ára. Óhætt er að segja að margt fróðlegt hafi komið út úr tilsvörum hans, en hann svaraði þeim skriflega og hér er pistill hans gerið svo vel:

Í framhaldi af nokkrum áhugaverðum spurningum sem Guðmundur Guðjónsson ritstjóri Veiðislóðar sendi mér varðandi stóðu Þingvallaurriða á tímum efnahagskreppu þá hef ég sett fram upplýsingar sem svara þeim spurnum ýmist að hluta til eða að mestu leyti. Upplýsingarnar sem lagðar eru til grundvallar byggja að hluta til á tilteikum rannsóknariðurstöðum a.m.k. þeim sem ég man eftir þessa stundina. Einnig leyfi ég mér að geta í eyðurnar svo sem varðandi veiðitölur og fjöldi geldfiska meðal annars með vísun í reynslu manna af stang- og netaveiðum í vatninu síðustu ár.

#### Fjölgun urriða síðari ár

Skýrasta viðmiðið varðandi fjöldi fullvaxta urriða er stærð hrygningastofnsins í Óxará. Fjöldi urriðanna sem ganga til hrygningar á riðin í Óxará á haustin og fyrnihluta vetrar hefur vaxið ár frá ári síðan ég fór að fylgjast með þeim félögum haustið 1999. Sá stofn er fullfær um að viðhalda sér miðað við þær aðstæður sem ríkt hafa undanfarin ár, bæði litið til hrygningarskilyrða og uppvaxtar skilyrða í Óxará og litið til vaxtar og viðgangs fiskanna í Þingvallavatni að meðtaldri veiðilánartölunnu. Órt vaxandi viðleitni stangveiðimanna gagnvart því að sleppa urriðum í kjölfar viðureigna við þá, hefur lagt sitt af mörkum til þess ástanda sem við upplifum nú. Því bæði eru urriðar í veiðistærð fleiri fyrir vikið og um leið eru fleiri urriðar að baki hrygningunnar. Í þessu sambandi er rétt að minna að hver urriði tekur gjarnan þátt í hrygningunni í fáein ár ófugt við laxinn sem yfirleitt hrygnir aðeins einu sinni. Ástand Þingvallaurriða sem hrygna á öðrum svæðum en í Óxará er nefnt til sögunnar hér að neðan í vangaveltnum um mögulega enn frekari fjölgun urriðanna.


**Möguleg frekari fjölgun urriðanna með hliðsjón af takmarkandi þáttum**  
Hvað fjölda Óxæringa í Þingvallavatni varðar þá hefur sá stofn enn ekki dregist saman enda þótt farið sé að þrengjast um bæði hrygningar- og uppeldissvæði í Óxará. Búsvæðin í Þingvallavatni og gnott murtu og annars ætis urriðans mun hinsvegar seitn hamla fjölgun Óxæringa. Ætla verður að fjöldi þeirra ráðist við númerandi aðstæður í vatninu óðru fremur af stærð hrygningastofnsins, stærð eða ólu heldur smæð hrygningar- og uppeldissvæða í Óxará og enn fremur veiðílaginu. Fjöldi Óxæringa er jafn mikill og raun ber vitni sökum þess að seiðin sem koma þar úr hrognini taka út mest af sínum uppvexti úti í Þingvallavatni og því er fjöldi urriðanna sem þaðan er runninn meiri en ætla má þegar eingöngu er litið til þess stutta hluta Óxarár sem er fiskgengur. Ekki síst þegar litið er til þess að sá árkafli er ofan í kaupið einungis að hluta til með heppilegum hrygningar- og uppeldisskilyrðum.

Síðustu árin hefur urriðum sem hrygna í ánum sem renna í Þingvallavatn sunnanverð og í Útfallinu, þar sem fellur út Þingvallavatni til Efra-Sogs og virkjanagangna Steinþrimsstöðvar, fjölgæð hressilega. Frá því að álega hrygrndu ýmist engir eða örfláir fiskar á þessum svæðum til þess að hrygningin nái samanstandi að allt upp í tugum fiska á sumum þessara hrygningarsvæða. Þessi fjölgun urriða í sunnanverðu Þingvallavatni og um leið hrygningarfiska á áðurnefndum svæðum hefur bein tengsl við þær fiskræktaraðgerðir sem að Landsvirkjun stóð fyrir með sleppingum í sunnanverðu Þingvallavatn árin 2000-2004. Það skýrist af því að þegar urriðar frá þeim sleppingum urðu

kynþroska leituðu þeir nærfellt allir á áðurnefnd svæði til hrygningar, svo sem merkingar hafa staðfest, á meðan alger undantekning er að þeir sjáist í Óxará. Þannig höfum við nú álega hrygnandi urniða í Útfallinu sem eru Óxæringar að stofnupplagi og fiskar af sama meiði eru hrygnandi í Ölfusvatnsá en væntanlega einnig í litlum mæli fiskar af stofni þeirrar ár þar sem takmarkaða hrygningu mátti finna þar í gegnum árin. Auk þess er takmörkuð hrygning í Villingavatnsá og hrygning í Efra-Sogi neðan stíflu. Urriðar runnir frá hrygningu í Efra-Sogi komast ekki upp í Þingvallavatn við númerandi aðstæður en gangi framsýnar áætlunar Landsvirkjunar eftir, verður breyting þar á sumarið 2013 þegar til stendur að gera fiskveg við hlið stíflunnar efst í Efra-Sogi.

Þar sem urriðar sem hrygna á umræddum svæðum við sunnanverð vatnið eru enn að sækja í sig veðrið ef frá er talið Efra-Sog, þar sem mikil veidi er stunduð a hrygningarfiski m.a. ólöglega um hrygningartímann, þá eru umtalsverðir möguleikar á því að urriða fjölgí enn frekar í Þingvallavatni fyrir tilstilli aukinnar hrygningar á þessum svæðum.

**Gróft mat á fjölda Þingvallaurriða í veiðistofni og álegri veiði á honum**  
Stofn hrygningarfiska Þingvallaurriða má ætla að sé a bílinu 1200-1500 fiskar af mörgum árgóngum (5-16 ára) en hinn eiginlegi álegi hrygningastofn er þó minni í fiskum talið þar sem hluti urriðanna hrygnir aðeins annaðhvort ár. Gögn um geldfiska eru rýrari í roðinu en gögn yfir hrygningarfiska og því er erfíðara að ætla fjölda geldfiska sem komnir eru í veiðistærð (um 35 cm og 500 g eða stærri). Hér er frjálslega



áætlað að fjöldi þeirra fiska geti verið ámóta og hrygningarfiskanna enda þótt árgangarnir að baki sér mun færri og ef það væri rétt þá myndi veiðistofnurriða í Þingvallavatni gróflega metið nema um 2400-3000 fiskum um þessar mundir.

Ábyggilegar heildartölur yfir árlega veiði á Þingvallaurriða eru ekki tiltækar en ætla má að veiddir séu 300-400 urriðar á ári og þar af sé 100 urriðum sleppt og eru þá frátaðar veiðar Laxfiska á urriða í vatninu í merkingarskyni.

Ef marka má aukinn fjölda sagna um magnveiðar stangveiðimanna á urriða til löndunar í sumar miðað við næstliðin ár þá endurspeglar það nauðsyn þess að þeir veiðimenn snarbaeti veiðihætti sína. Konungur íslenskra ferskvatnsfiska, Þingvallaurriðinn á nefnilega skilið að viðureignir stangveiðimanna við hann einkennist af virðingu fyrir þessum merka fiski og lífríkinu sem að hann tilheyrir í lindavatnsfaðmi Þingvallavatns. Meirihluti veiðimanna sem nýta Þingvallaurriðann með veiðum sýnir ábyrga hegðun en skussarnir sem vissulega finnast einnig verða að taka sig á. Þannig er mögulegt viðhalda áfram blandaðri aðferð við stangveiðar á urriðanum, þ.e.a.s. bæði til að sleppa honum en einnig til að éta hann. Ef hinsvegar itrekuð dæmi finnast áfram um veiðihætti þar sem mörnum finnsta sjálfsagt að vera í hlutverki löndunar-kranar hvað urriðann varðar svo sem í sumarþyrjun þegar langsoltninn urriðinn er oft auðveiddur, þá er ekki nema von að veiðimenn reifi möguleikla þess að skylda sleppingsar á urriðum í stangveiði í Þingvallavatni. Millistig sem stuðlað gæti að framþróun veiðiháttar veiðiminkanna en um leið tryggt að hægt að

sé að nýta fiskinn til átu þegar nóg er af honum gæti falist í að setja dagskvóta á þá urriða sem landað væri, t.d. 1 urriða/dag.

#### Náttúruleg innbyggð veiðivörn Þingvallaurriðans

Kvikasílfur safnast upp holdi Þingvallaurriðans og finnst hjá stærri og eldri fiskum í meira mæli en æskilegt getur talist með hliðsjón af manneldis-sjónarmiðum. Af þeirri einföldu ástæðu ber að forðast að neyta urriða sem er stærri en 60 cm að lengd og um 2,5 kg að þyngd. Því fiskar sem náð hafa þeirri stærð eða meira innthalda kvikasílfur sem er að meðaltali yfir leyfilegum mörkum matvæla sem selja má til manneldis. Í verstu tilfellum svo sem þegar ófriskar konur og reyndar konur almennt á barneignaaldri neyta of mikils magns af kvíksílfursmenguðum fiski þá sýna dæmin að það getur leitt til heilsutjóns barnanna vegna þroskafrá-vika sem er fylgifiskur kvíksílfursins í slíkum tilfellum. Nánari upplýsingar um rannsóknir á kvíksílfursmagni í Þingvallaurriða sem framkvæmdar voru í samstarfi Laxfiska og Matís má finna í skýrslu sem er að finna á veftíði Lax-fiska (í fæti síðunnar) á eftirfarandi slóð: [http://laxfiskar.is/images/stories/pdf/skyrslur/Kvíksílfur\\_i\\_urrida\\_i\\_Thingvallavatni-des2009.pdf](http://laxfiskar.is/images/stories/pdf/skyrslur/Kvíksílfur_i_urrida_i_Thingvallavatni-des2009.pdf)



Auk þess sem stórir urriðar eru óheppilegir til átu ef menn velja heilsunni í hag þá er nauðsynlegt að minna á það að stórir urriðar, til dæmis 80 cm fiskar, geta átt eftir að hrygna í mörg ár í sumum tilvikum með tilheyrandí gagnsemi fyrir urriðastofninn. Því er engin þörf á því að slá umrædda höfðingja af með það að viðmiði að þeir hafi þegar skilað sínu.

#### Lokaorð

Höfundur þessara orða þykir vænt um Þingvallaurriðann líkt og svo morgum öðrum. Vegna þess að enn er svo komið að fleiri urriðar vinna létt verk í upp-byggingu Þingvallaurriðans þá hvet ég veiðimenn til að sleppa urriðum. Skiljanlega vilja menn sem fyrir éta góðan silung og Þingvallavatn býður oft upp á nægra bleikjuveiði til þess að sinna þeim þörfum þó svo að urriði bíti á agnið. Ef hinsvegar menn setja ekki í bleikju eða vilja bara hreinlega fá Þingvallaurriða í matinn til tilbreytingar þá er æskilegt að lita til þess sem sagt var hér að ofan um kvikasílfur í holdi þeirra og neyta helst smærri fiska.

Í lokin vil ég biðja veiðimenn um að fylgjast grantir með fiskmerkjum þeim sem notuð eru við rannsóknir á urriða og bleikju í Þingvallavatni og skila þeim ásamt tilheyrandí upplýsingum með hliðsjón af leiðbeiningum sem gefnar eru á tveimur leiðbeiningaspjöldum fyrir Þingvallavatnssvæðið á vefsíðu Laxfiska undir flípanum fiskmerki, sjá: <http://laxfiskar.is>

Um leið langar mig að biðja veiðimenn sem eiga í fórum sínum merki frá fyrr árum sem gleymst hefur að skila, að ekki sé talað um rafeindafiskmerki, að skila merkjunum jafnvænt þótt allar upplýsingar um fiskinn o.p.h. vanti. Ég óska veiðimönnum góðra stunda við Þingvallavatn og á öðrum veiðilendum.

# VEIÐISLÓÐ

tímarit um sportveiði og tengt efni



nr. þrjú 2012